

Valur vann II. fl. mótið
Sigræði K. R. 4:2

Eftir harða baráttu og langa auðnaðist Val að hreppa annars flokks bikarinn að þessu sinni. Leikurinn var fjórugur og vel leikinn á köflum, og voru yfirburðir Valsmanna nú auglýsingar. K. R.-ingar ekki eins harðir og síðast.

K. R. skoraði fyrst, snemma í fyrri hálfleik, en Valur kvittaði bráðlega og setti annað mark og vann fyrri hálfleik 2:1.

Snemma í seinni hálfleik fengu K. R.-ingar vítaspurnu og skoraði Jón úr henni. Valur skoraði þó brátt þriðja mark sitt, og svo rak Albert Guðmundsson, sem var besti maður á vellinum, smíðshöggið á, og skoraði fjórða markið með ágætu langskoti rjett fyrir leiklok.

Veður var fremur leiðinlegt til leiks og völlurinn blautur. Guðjón Einarsson dæmdi leikinn.

J. Bn.

Meistarakepni í Golfi

Tvær umferðir eru búnar í kepni karla um titilinn „Golfmeistarí Íslands“

Í fyrri umferðinni fóru leikar þannig: Gísli Ólafsson vann Ólaf Gíslason 10 upp 9 eftir. Jakob Hafstein vann Halldór Magnússon 9 upp 9 eftir (gefið). Helgi Eiríksson vann Sigurm. Halldórs son 11 upp 10 eftir. Jóhannes Helgason vann Brynj. Magnússon 12 upp 11 eftir.

Seinni og næst síðasta umferðin fór þannig, að Gísli Ólafsson vann Helga Eiríksson 9 upp 8 eftir og Jakob Hafstein vann Jóhannes Helgason 8 upp 7 eftir.

Eru þeir nú því tveir eftir, Gísli og Jakob og munu keppa til úrslita næstkomandi laugardag kl. 2 síðdegis.

Í meistarakepni kvenna hafa leikar farið þannig, að Ólafía Sigurbjörnsdóttir vann Önnu Kristjánsdóttur með 2 holur upp þegar 1 var eftir og Herdís Guðmunds vann Ragnheiði Guðmundsdóttur með 4 holur upp þegar 3 voru eftir.

Eiga þær því að keppa til úrslita Ólafía og Herdís, og fer sú kepni einnig fram næstkomandi laugardag.

Þá fer einnig fram úrslitakepni karla í 1. flokki, næstkomandi laugardag, og reyna þar með sjer þeir Magnús Kjarran stórkaupm. og dr. Halldór Hansen.

Í öllum þessum keppnum má búast við mjög jöfnum og spennandi leik.

Til Strandarkirkju. Ónefndur 4 kr. E. 10 kr. P. J. 35 kr. Ónefndur 12 kr. N. N. 5 kr. Gamalt áheit 5 kr. Gamalt áheit 20 kr. Ónefndur 5 kr. G. H. S. 5 kr. N. N. P. 2 kr. S. R. Siglufirði 20 kr. G. R. G. 20 kr. Emil 5 kr.

Stríðsyfirlit Churchills

FRAMH. AF ANNARI SÍÐU.

irliti sínu á vestanverðu Atlantshafi hjálpað Bretum mikið. En Churchill sagði, að hann hefði getað hjálpað þeim meir.

Austurlönd.

Churchill sagði að aðstaða Breta í Austurlöndum væri mun betri en í fyrri. Breskur her hefði nú komið sjer fyrir í Irak, Sýrland hefði verið hreinsað, Cypren vígirt og breskar flugvælar hefðu nú yfirráðin á austanverðu Miðjarðarhafi.

Um aðstöðuna í Cyrenaica sagði Churchill að Nílarherinn hefði verið aukinn, og hann væri sæmilega öruggur um, að hernum tækist að hrinda innrás Þjóðverja, og að hægt væri að verja Egyptaland bæði frá austri og vestri.

Rússland.

Churchill talaði um hið frábæra viðnám Rússa, og hið árangursríka undanhald þeirra inn í landið. Eftir þriggja mánaða styrjöld hefðu Þjóðverjar mist fleiri menn heldur en þeir mistu nokkurn tíma á heilu ári í heimsstyrjöldinni 1914—1918.

Hitler horfir nú fram á, sagði Churchill, að þurfa að hafa her sinn á endilangri hinni löngu víglínu á austurvígstöðvunum harðan rússneskan vetur, og með langar og ófullkomnar aðdráttaleiðir, að ekki sje talað um gagnárásir Rússa.

Churchill benti á, að Rússar hefðu mist nokkuð af hergagna-

idjuverum sínum, og allmikinn hluta af stál-auðlindum sínum. Hinsvegar hefðu þeir á að skipa 10—15 milj. manna liði, sem næstum alt væri vopnum búð.

En Bretar yrðu þó að færa frónir, til þess að geta látið Rússum sem mest af hergögnum í tje.

Mál þessi myndu verða rædd á Moskva-ráðstefnunni, en stöðugt væri unnið að undirbúningi þessarar ráðstefnu bæði í London og Washington.

Um flutninga til Rússlands sagði Churchill, að um væri að ræða aðeins þrjár leiðir, um Norður-Íshafið, um Austur-Asíu og um Persíu.

Bretar og Rússar hefðu nú rekið óvinina burtu úr Persíu, en leiðin um Persíu væri hentugust til að koma vörum inn í mitt Rússland. Með tilliti til þessa kvaðst Churchill vona, að breska þjóðin sýndi skilning aðförumum í Iran, sem hefðu verið nokkuð harðdóðgar, og öðrum svipuðum ráðstöfumum, sem e. t. v. þyrfti að gera síðar.

Víglína bandamanna næði nú norðan frá Spitzbergen til Tobruk.

Framtíðin.

Þeir, sem örvænt hefðu um aðstöðu Breta fyrir ári, kvaðst Churchill vilja segja þetta: Við höfum enn örlög okkar í hendi okkar. Við ráðum enn sálum okkar.

Einar Ísaksson áttæður

Áttæður er í dag sægarpurinn Einar Ísaksson, Hverfisg. 107. Átján ára gamall byrjaði hann sjómensku á opnum skipum og farnaðist jafnan vel. — Lengst mun hann hafa stundað formensku á Austfjörðum. Var hann mikið eftirsóttur, bæði af útgerðarmönnum og hásetum, því allir töldu sjer hag í því að vera í skipprúmi hjá Einari Ísakssyni.

Enn stundar hann sjóinn á litlum trillubát og er fengsall að vanda.

Munu margir ættmenn hans og vinir heimsækja hann í dag og óska honum allra heilla um leið og þeir þakka honum fyrir mikið og vel unnið æfistarf.

Einn kunningja hans kveður:

Áttæð hetja. Löng er leið lífs við reynsluprófin. Yfir sextíu ára skeið Einar rjeri á sjóinn.

Siglt var djarft þótt Kári hvast hvæsti hafs í róti. Lagst var undir árar fast, ef hann bljes á móti.

Litla skipið liðugt gekk ljett til veiðimarka. Margan dag hann fengsall fekk fullan skut og barka.

Vænsta hnossið verður það vel að lifa og duga. Siglir næsta sviði að sál í veiðihuga. J. S. H.

Dagbók

Nætlæknir í nótt Halldór Stefánsson, Ránargötu 12. Sími 2234.

Nætlvörður er í Ingólfs Apóteki og Laugavegs Apóteki.

Hjónaband. S.l. laugardag voru gefin saman í hjónaband af síra Bjarna Jónssyni ungrú Fríða K. Ólafsdóttir, Eyvindssonar, Ingólfs-hvoli og Reidar Meier Pedersen, verkfræðingur frá Osló.

Prófi við Translatör skólann í Kaupmannahöfn lauk í vor ungrú Erla Geirsdóttir með mjög hárrí 1. einkunn. Stúdentspróf tók hún 1939 við Mentaskólann í Rvík með 1. einkunn.

Hafnarfjörður. L.v. Rafn er nýkominn af síldveiðum. Tveir bátar hafa komið með síld, er þeir veiddu í Faxaflóa, Auðbjörg með 60 tn. (er fóru í frystihús) og Fiskaklettur með 70 tn., sem voru saltaðar. — Talsverð brögð hafa verið að því, að kartöflum hafi verið stolið úr gördum, hefir horfið úr hálfum og heilum beðum. Ekki hefir tekist að finna þessa garð-þjófa. Slíka þjófnæði hafa Hafnfirðingar aldrei þekt áður.

Útvarpið í dag: 20.30 Erindi: Ágústnótt á Siglu-fjarðarskarði. (Þórarinn Guðnason læknir).

20.55 Einleikur á píanó (Fritz Weishappel): „Árstíðirnar“, eftir Sigurd Lie.

21.15 Hljómplötur: Fiðlulög (Heifetz og Elman leika).

21.30 Frá garðyrkjusýningunni í Reykjavík

STEYPUSTYRKAR-
JÁRN
FRÁ U. S. A.



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON & CO.

AUSTURSTRÆTI 14. SÍMI 5904

Jörð til sölu

Jörðin Áltamýri í Auðkúluhreppi er til sölu og laus til ábúðar í næstu fardögum. Upplýsingar gefur eigandi jarðarinnar, Gísli Ásgeirsson, Áltamýri.

Konan mín elskuleg
ODDBJÖRG JÓNSDÓTTIR,
andaðist í sjúkrahúsi hinn 7. þessa mánaðar.
Fyrir mína hönd, barna minna og annara ástvina.
Eggert Kristjánsson.

Hjartkæra dóttir okkar
DÍANA BJARNAR,
sem andaðist að heimili sínu, Hafnargötu 18, Keflavík, 4. þessa mánaðar, verður jarðsöngin laugardaginn 13. september og hefst með bæn frá heimili hennar kl. 1.
Sólveig Jónsdóttir, Árni Bjarnason og bræður.

Það tilkynnist vinum og vandamönnum, að
INGIRÍÐUR GEIRSDÓTTIR,
Frakkastíg 21, andaðist 8. þessa mánaðar.
Vandamenn.

Maðurinn minn
EIRÍKUR MAGNÚSSON, kennari,
andaðist þann 9. þessa mánaðar.
Sigríður Þorgrímsdóttir.

Maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,
ÓLAFUR J. A. ÓLAFSSON
kaupmaður, andaðist aðfaranótt 9. þessa mánaðar að heimili sínu í Keflavík.
Guðrún Einarsdóttir, börn og tengdasonur.

Jarðarför móður minnar elskulegrar, tengdamóður og ömmu,
GUÐJÓNÍU BJARNADÓTTUR,
sem andaðist 1. september, fer fram frá samkomusal Hjálpræðishersins, fimtudaginn 11. september og hefst með hús-kveðju að heimili hennar, Urðarstíg 12, klukkan 2 eftir háð.
Jarðað verður í gamla kirkjugarðinum.
Fyrir hönd okkar og fjarverandi vandamanna,
Bjarni Þóroddsson. Kristín Bjarnadóttir.
Guðjónía Bjarnadóttir.

Innileg þökk fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför föstru minnar og systur,
Frú JÓRUNNAR D. THORLACIUS.
Þórhildur Hóseasdóttir, Árni Thorlacius og fjölskylda.

Þökkum öllum þeim, er sýndu okkur samúð við andlát og jarðarför sonar okkar
INGÓLFS.
Una Guðmundsd., Einar Guðmundsson og systkini.